

Fundargerð

Svæðisráð suðursvæðis - 131. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og í fjarfundi, mánudaginn 2. september 2024, kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Sigurjón Andrésson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Friðrik Jónas Friðriksson, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Guðrún Inga Bjarnadóttir, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Eyrún Fríða Árnadóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Tinna Rut Sigurðardóttir, aðalfulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu, Lilja Jóhannesdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka, Linda Björk Hallgrímsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður á suðursvæði, Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Höfn, Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Höfn, Ingibjörg Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs, Anna Ragnarsdóttir Pedersen, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Höfn, Sigurgeir Thoroddsen, starfandi aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði.

1. Slys á Breiðamerkurjökli - 25.08.24 - 2409010

Framkvæmdastjóri fer yfir viðbrögð Vatnajökulspjóðgarðs í kjölfar banaslyss á Breiðamerkurjökli 25. ágúst 2024.

Svæðisráð harmar það hræðilega slys sem varð á Breiðamerkurjökli. Hugur svæðisráðs er hjá þeim sem eiga um sárt að binda vegna slyssins.

Svæðisráð vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra viðbragðsaðila sem komu að björgunaraðgerðum og allra annarra sem lögðu þeim lið.

Svæðisráð hvetur stjórnendur þjóðgarðsins til að halda áfram vel utan um starfsfólk þjóðgarðsins, en slysið og eftirmálar þess voru þeim eðlilega mikið áfall.

Þjóðgarðsvörður fór yfir minnisblað um mögulegar úrbætur á samningum um íshellaferðir og jöklagöngur á suðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs.

Á fundinum sköpuðust miklar umræður um málið og var starfsfólki falið að vinna áfram í samræmi við þær.

Svæðisráð mun halda vikulega fundi næstu vikurnar til að fylgja þessu máli og öðrum aðkallandi verkefnum eftir.

2. Íshellaferðir og jöklagöngur - Eftirlit með starfsemi - 2408009

Gæðastjóri kynnir framkvæmd verklags í kringum eftirlit með íshellaferðum og jöklagöngum.

Gestir

Bjargey Guðmundsdóttir, gæðastjóri VJP - 11:28

Svæðisráð þakkar fyrir góða kynningu og er jákvætt fyrir innleiðingu þessa verklags, sem kynnt verður fyrir rekstaráðilum á fundi sem fyrirhugaður er síðar í þessari viku. Svæðisráð vill þó halda því til haga að mikilvægt er að þjóðgarðinum sé tryggt nægt fjármagn og starfsfólk til að innleiða verklagið og sinna eftirlitinu.

Fundargerð ritaði: Anna Ragnarsdóttir Pedersen, aðstoðarþjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 12:07.